

Ed.

374. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um slysatrygging sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd efri deildar.

1. Við 5. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Verði sjómaður fyrir slysi á sjó á vátryggingartímabilinu eða þegar hann er á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfan sig, i erindum, sem leiða af starfi hans sem sjómanns, skal úr slysatryggingarsjóði greiða upphæðir þær, er hjer segir.

2. — - — Á eftir tölulið 3 komi nýr liður, sem verður 4. liður, þannig:

Systkin hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.